

**Þjónustu- og nýsköpunarsvið  
Upplýsingatæknipjónusta Reykjavíkurborgar**

Reykjavík, 12. maí 2020  
R20030251

V.t.  
Innkauparáð Reykjavíkurborgar  
Borgartúni 12-14,  
105 Reykjavík

**Útboð nr. 14800 Microsoft rekstrarþjónusta**

Þann 5. maí 2020 voru opnuð tilboð í útboð nr. 14800 „Microsoft rekstrarþjónusta“. Tilboð bárust frá sex aðilum.

Eftirfarandi aðilar skiluðu inn tilboði:

1. Premis ehf.
2. Þekking – Tristan hf.
3. Origo hf.
4. Advania Ísland ehf.
5. Sensa ehf.
6. Opin kerfi hf.

Lægsta gilda tilboð var tilboð frá Advania Ísland ehf, kr. 4.716.705 án vsk.

Um er að ræða rekstur Microsoft umhverfis Reykjavíkurborgar og ráðgjöf því tengdu. Upplýsingatæknipjónusta Reykjavíkurborgar ber ábyrgð á rekstri Microsoft umhverfis Reykjavíkurborgar. Samningur sem komið verður á með útboði mun ná til tveggja hluta. Annars vegar daglegan rekstur sem innifelur þau verkefni sem snúa að daglegum rekstri á Microsoft umhverfi Reykjavíkurborgar og hins vegar ýmis umbótaverkefni tengd endurnýjun og þróun á Microsoft umhverfinu.


Gildistími samnings er eitt ár frá því að samningur er kominn á. Heimilt er að framlengja samning um eitt ár í senn. Samningurinn gildir þó eigi lengur en fjögur ár.

Innkaupaskrifstofa hefur yfirfarið tilboð lágstbjóðanda m.t.t. krafna um fjárhagslegt hæfi og hefur staðfest að lágstbjóðandi, Advania Ísland ehf, uppfyllir kröfur um fjárhagslegt hæfi.

Upplýsingatæknipjónusta Reykjavíkurborgar hefur yfirfarið tilboð Advania og staðfestir að kröfur um tæknilega og faglega getu eru uppfylltar.

Upplýsingatæknipjónusta leggur til að gengið verði að tilboði frá Advania Ísland ehf, enda uppfyllir það allar kröfur útboðsganga og er jafnframt lágsta gilda tilboðið.

F.h. Upplýsingatæknipjónusta (UTR)

  
Helga S. Kristjánsdóttir,  
SAM & innkaupastjórn í UTR

